

Föstudagur 9. október 2009

Útflutningstekjur Þýskalands halda óvænt áfram að falla. Hagstofa Þýskalands tilkynnti í morgun að útflutningur frá Þýskalandi féll um 1,8% frá júlí til ágúst og er nú fallinn um 20% frá því í ágúst á síðasta ári. Innflutningur jókst um 1,1% frá júlí til ágúst en er fallinn um 19,3% frá því í ágúst 2008; [hagstofa Þýskalands](#)



Václav Klaus forseti Tékklands hringdi beint í Fredrik Reinfeldt forsætisráðherra Svíþjóðar í gær og sagði honum að hann vildi fá bætt tveim nýjum setningum við nýju stjórnarskrá ESB, stundum er nefnd Lissabon sáttmálinn. Sögur herma að andarteppa forsætisráðherra Svíþjóðar hafi heyrst alla leið til Rómar. Menn standa nú víða þungt á öndinni yfir þessari dirfsku forseta Tékklands. Hjá mér vekur þetta óneitanlega upp minningar um vissar samningaviðræður sem Alexander Dubček átti við yfirstjórn Sovétríkjanna árið 1968; [BBC](#) | tengt efni; heimasíða Václav Klaus: [Ten Years of Euro: A Reason for Celebration?](#)



Tékkinn Petr Mach sem unnið hefur sem efnahagsráðgjafi fyrir Václav Klaus forseta fór eitt sinn í heimsókn til Brussel til að taka þar þátt í ráðstefnu um [Lissabon 2000 markmið Evrópusambandsins](#). Þessi markmið mæla svo fyrir að hagkerfi Evrópusambandsins eigi að vera orðið það ríkasta og samkeppnishæfasta í heimi okkar árið 2010. Auðvitað hafa engar af þessum áætlunum ESB staðist og engar líkur eru á að þær nái að standast á þeim 84 dögum sem ESB hefur til stefnu. Þær munu auðvitað aldrei standast.

Þetta var jómfrúarferð Petr Mac til Brussel. Þar gat Petr Mach upplýst ESB-menn um hversu Lissabon 2000 áætlanir Evrópusambandsins líktust lítið gömlu áætlunum Sovétríkjanna. Einn aðalmunurinn, sagði Petr Mach, væri sá að 5 ára áætlanir Sovétríkjanna lögðu mesta áherslu á að það væri þungaiðnaðurinn sem ætti að fá Sovétríkin til að ná hagsæld Bandaríkjamanna. En í Evrópusambandinu voru það hinsvegar tölvur sem árið 2000 áttu að fá Evrópusambandið til að ná hinni miklu hagsæld Bandaríkjamanna fyrir árið 2010. Þetta voru því tvennar en mjög ólíkar áætlanir. Önnur var einungis til fimm ára og studdist við kola- og stálverk. Hin áætlunin var hinsvegar til 10 ára og studdist við tölvur og internet, eða svo nefnda "upplýsingatækni". Ræðan hans Petr Mach frá þessari jómfrúar Brusselferð er [hér](#). Heimasíða Petr Mach sem sýnir hverjir hafa greitt og fengið greitt fyrir hvað í Evrópusambandinu má nálgast hér; [Hverir fá og hverjir þurfa að borga](#)


Fimmtudagur 8. október 2009

Leiðari fyrir útópíu: Enn eru menn að velta vöngum yfir því hvernig ríkisstjórnirnar í myntbandalagi Evrópusambandsins eigi að fara að því að rúlla til baka þeim stuðningi sem rúllað var út sem neyðaraðstoð þegar kreppan skall hér á síðasta haust. Eins og flestum er kunnugt komu nær engar sameiginlegar björgunaraðgerðir á evrusvæðinu, heldur voru það einstakar ríkisstjórnir sem komu með sína hvora skófluna í öllum regnbogans litum á þessu sameiginlega myntsvæði þeirra, og mokuðu peningum skattgreiðenda ofaní í sína hvora holuna, mismunandi djúpar. Það er ekkert sem bendir til að ríkisstjórnirnar séu sammála um hvenær, hvar og hvernig fara eigi að því að moka upp úr holunum aftur, þ.e. rúlla stuðningi til baka.



Forsendan fyrir því að seðlabanki ESB geti gengt lykilhutverki sínu hvað varðar hinn svokallaða "stöðugleika verðlags" er sú að ríkisstjórnir á myntsvæðinu framfylgi þeim skilyrðum sem sett voru fyrir aðild þeirra að myntbandalaginu. En núna toga ríkisstjórnirnar í sína hvora áttina og engin samstaða er um neitt. Frakkland togar upp í loft, Þýskaland togar niður í jarðskorpuna og PIIGS löndin toga út og inn en þó mest suður. Ekki mun seðlabankinn geta fylgt einstökum ríkisstjórnnum út í gengum útgönguhamlið örvunaraðgerða, svo á einn eða annan hátt munu ríkisstjórnirnar þurfa að koma sér saman um útgönguleiðir. Þetta mun verða skrautlegt. Það kraumar nú þegar á milli Þýskalands og Frakklands.

Eitt er mismunandi stór halli á fjárlögum einstakra ríkja en annað er svo hin gríðarlega mismunandi þörf landanna á peninga- og vaxtapólitík sem lýtur að þeirra eigin þörfum. En í myntbandalaginu þurfa allir að ganga í sömu skóstaerð nr. E og allir í sama brúna litnum hvað varðar þessi grundvallarmál hagkerfanna. Atvinnuleysi á Spáni er komið í 20% og mun fara í 30% í enda næsta árs. Þar eru allt að 3 milljónir óseldra nýbyggðra íbúða að leita að nýjum kaupendum núna. En það eru ekki miklar líkur á að sala þessara eigna gangi vel því vextir á 80% af húsnæðislánum Spánar eru breytilegir og þegar seðlabanki Evrópusambandsins mun þurfa að hækka vexti til að mæta þörfum og þráhyggju Þýskalands í peningastjórnun þá munu þessir vextir í mikilli verðhjöðnun á Spáni virka sem mjög háir raunvextir. Þetta er ekki það sem Spánn þarf á að halda. Þetta er algerlega þvert á þarfir spænska hagkerfisins og mun aðeins gera stöðu Spánar ennþá verri en hún er. Og nógu slæm er staðan á Spáni nú þegar.




Þrátt fyrir hinn svokallaða stöðugleikasáttmála myntbandalagsins tókst að smygla skuldum einkageirans yfir á herðar ríkissjóða landanna með því að ríkin hafa gengist í ábyrgð fyrir stórum hluta skulda einkafyrirtækja í formi ábyrgða til handa bankakerfum landa ESB. Þetta er algerlega í andstöðu við markmið stöðugleikasáttmálans og í reynd tímasprengrja undir sjálfu myntbandalaginu. Tengt efni frá því í morgun: [Paul de Grauwe](#) | [Bloomberg](#) | [Eurointelligence](#)

Miðvikudagur 7. október 2009

Valdis Dombrovskis forsætisráðherra Lettlands er samkvæmt heimildum BBN í gangi með lagabreytingu sem á að takmarka aðgang lánadrottna (sem að mestu eru erlendir

bankar) að eignum húnsæðislántakenda í Lettlandi sem eru umfram þá fasteign sem veðsett er fyrir lánunum. Ef þetta verður mun það þýða að bankar munu ekki geta gengið að eignum lántakenda umfram þá fasteign sem veðlánin hvíla á. Þetta er að sögn Lars Christensen hjá Danske Bank ákveðinn mótleikur gegn þeim mikla þrýstingi sem Alþjóða Gjaldeyrissjóðurinn og Evrópusambandið beitir ríkisstjórn Lettlands, því þetta mun þýða mikil töp fyrir þá erlendu banka sem stóðu fyrr um 80-90% af útlánum í Lettlandi síðustu mörg árin - þ.e. skyldi landið neyðast til að fella gengi lats gagnvart evru. Valdis stillir hér með þumalskrúfurnar á AGS og ESB á snaraukinn þrýsting. Þetta er meira en hægt er að segja um baráttuvilja og ákveðni vissrar ríkisstjórnar sem núna situr lömuð í hræðslubúri miklu norðar og hugsanlega einnig neðar í plánetu okkar; [BBN](#) | [Børsen](#)

Hagstofa Finnlands tilkynnti í morgun að þjóðarframleiðsla Finnlands féll um 11,6% í júlí miðað við sama mánuð á síðasta ári og um 1,5% frá því í júní á þessu ári. Myndin (Hagstofa Finnlands) sýnir þróunina mánuð fyrir mánuð á milli ára (YoY). Samdrátturinn virðist því halda áfram í Finnlandi svo ekki er ólíklegt að spá seðlabanka Finnlands um 7,2% samdrátt á þessu ári muni standast. En bankinn lækkaði hagspá sína fyrir Finnland í síðustu viku. Þar spáði seðlabankinn engum vexti í Finnlandi á næsta ári en 1,6% hagvexti árið 2011; [Hagstofa Finnlands](#)



Þriðjudagur 6. október 2009

Danmörk mun ekki uppfylla inntökuskilyrðin inn í myntbandalag Evrópusambandsins næstu árin og því telur Lars Løkke Rasmussen forsætisráðherra litlar líkur á að það gagna neitt í bráð að halda nýja þjóðaratkvæðagreiðslu [já eina ferðina enn!] um það sem Danir sögðu nei við árið 2000. Þá sögðu Danir nei við því að skipta dönsku krónunni út með evrum. Tapið á ríkisfjármálarekstri landsins verður einfaldlega of stórt. Danmörk er því ekki velkomin í evruregluna núna; [DI](#) | tengt efni; [Dönsk peningamálastefna hin síðustu 10 ár í ljósi efnahagsmála Evrópusambandsins og EMU](#)

Sænskir bankar spenna björgunarvestin á sig og bíða eftir að efnahags- og stjórnsmálalegt jökulhlaup undan mynthraðfrystihúsi ESB, AGS og stjórnsmála elítunnar í Lettlandi sprengi landið í tætlur í stórhlaupi. *Svenska Dagbladet* heldur því fram að Anders Borg fjármálaráðherra Svíþjóðar hafi aðvarað sænska banka um að út um þúfur sé farinn björgunarleiðangur hjálparveita bankakerfis Lettlands (ESB og AGS). Að ríkisstjórn Lettlands hafi mistekist að framkvæma þann stórkostlega niðurskurð sem tryggt gæti næstu hjálpargreiðslur frá Evrópusambandinu og Alþjóða Gjaldeyrissjóðnum (AGS). Að Lettlandi hafi ekki tekist að skera t.d. ellilífeyri niður um 20%, né lækkað laun opinberra starfsmanna um 15% ofan þær miklu lækkanir sem nú þegar eru komnar til framkvæmda hjá opinberum starfsmönnum í landinu.



Herra Borg sagði að þolinmæði "alþjóðasamfélagsins" sé uppurin - "það verður erfitt að halda stuðningi áfram ef stjórnvöld framkæmi ekki það sem um er beðið." Um 18,2% af hagkerfi Lettlands hvarf í samdrætti síðustu 12 mánaða á meðan 20,4% af hagkerfi

Litháen hvarf í samdrætti á sama tímabili. "Fastgengisstefna landanna fyrir botni Eystrasalts er enn einusinni á dagskrá" segir Hans Redeker hjá franska bankanum BNP Paribas. Atvinnuleysi ungmenna í Lettlandi er nú þegar komið í 31% og eru það mest ungmenni af uppruna rússneska minnihlutans sem hafa misst vinnuna í landinu. Forsætisráðherrann, Valdis Dombrovskis, segir að forgang hafi að tryggður sé samfélagslegur friður í landinu.



Lettar hafa misst áhugann fyrir frekari samdráttaraðgerðum, segir Neil Shearing hjá Capital Economics. Líkurnar á gengisfellingu eru nú stærri en á að genginu verði áfram haldið í frystingu. Fjármálamarkaðir í nágrenni munu smitast en þeir eru samt betur í stakk búnir til að mæta gengishruni núna en þeir voru síðasta haust, segir hann. En það breytir þó ekki því að greiðsluföll munu verða. Hann segir ennfremur að hagkerfi Lettland muni dragast saman um 30% á ársgrundvelli hvort sem gengið verði fellt eða ekki. En það sé hinsvegar sjálf gengisbindingin sem lengi í hengingaról landsins, seinki einungis óumflýjanlegu greiðslufalli og komi í veg fyrir að bati geti hafist.

Samdráttaraðgerðirnar í Lettlandi hafa gert það að verkum að skattatekjur ríkissjóðs hafi hrunið saman. Lars Christensen hjá Danske Bank segir að hin pólitíska elíta í Lettlandi beri ábyrgð á því að landið hangi fast í þráhyggju fastgengisstefnunnar. "Ef Lettar vilja peningana frá ESB og AGS þá verða þeir að gera eins og þeim er sagt." Þeir verða að skilja að bæði ESB og AGS eru tilbúnir til að labba burt því hrun í Lettlandi núna mun ekki lengur hafa eins mikil smitandi áhrif eins og það hefði haft síðasta haust; [Telegraph](#) | [Dagens Industri](#)

Mánudagur 5. október 2009

Spánn er í slæmum málum samkvæmt áliti Alþjóða Gjaldeyrissjóðsins. Spánn mun þjást af "japanskri veiki" með lélegum eða engum hagvexti, efnahaglegum ísvetri og varla ná sér upp aftur fyrr en eftir mörg ár, ef þá nokkurn tíma. Hagfræðingurinn Luis Garicano hjá *London School of Economics* nefnir sérstaklega að seðlabanki Evrópusambandsins muni halda áfram að keyra peninga- og vaxtastefnu fyrir meðaltalið á evrusvæði (Þýskaland og Frakkland) og ekki fyrir einstök lönd myntbandalagsins. Spænska hagkerfið er ekki nógu stórt til að hafa áhrif á mótun og framkvæmd þessarar peninga- og vaxtastefnu seðlabankans. Þessvegna mun Spánska hagkerfið standa frammi fyrir mjög háum raunvöxtum þegar landið allra síst þarf á því að halda; [El Pais](#)

236.000 manns misstu vinnuna í ESB í ágúst. Atvinnuleysi á evrusvæði er nú 9,6% og 9,1% í öllu ESB. Atvinnuleysi hækkaði í öllum löndunum í ágúst. Hæst er atvinnuleysi á Spáni (18,9%), Lettlandi (18,3%) og í Litháen (13,7%). Atvinnuleysi ungmenna undir 25 ára aldri mældist 19,7% á evrusvæði og 19,8% í öllu ESB. Hæst er atvinnuleysi ungmenna á Spáni (39,2%), Svíþjóð (27,3) og á Írlandi (26,4%). Sjá tölur atvinnuleysis í ESB núna og síðustu 12 mánuði: [Atvinnuleysi í ESB núna](#); | [Eurostat](#)

SKJALASAFN STUTTRA OG OFT DAGLEGRA FRÉTTA

<http://www.tilveraniesb.net/stuttar-vikufrettir>

